



Reykjavík, 19. janúar 2018
Fundargerð 168. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 19. janúar 2018 var haldinn 168. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur L. Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ármann Kr. Ólafsson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri.

Þorsteinn Karlsson, fjármálastjóri SHS, og Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar, sátu fundinn undir lið 1.

Brynjar Þór Friðriksson og Vernharð Guðnason, deildarstjórar hjá SHS, sátu fundinn undir lið 7. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Mönnun 2018

Innri endurskoðandi, Hallur Símonarson, kynnti umsögn sína um hagræðingartillögu í fjármáladeild SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Umsögn: Hagræðingartillaga í fjármáladeild SHS, dags. 10. janúar 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

Haraldur L. Haraldsson lagði fram eftirfarandi bókun.

Ég fagna þeim breytingum sem gerðar hafa verið á aðgerðasviði slökkviliðsins, þ.e. fjölgun stöðugilda. Allt gert til að bæta viðbragðstíma og öryggi þjónustunnar. Hins vegar er það miður að nánast ekkert af þeim tillögum eða ábendingum sem ráðgjafi um hagræðingu í rekstri slökkviliðsins lagði fram varðandi aðra þætti slökkviliðsins skuli ekki hafa komið til greina. Það er mín skoðun að þar komi fram raunhæfar tillögur sem hægt er að hrinda í framkvæmd og muni á engan hátt hafa áhrif á gæði og öryggi þjónustu slökkviliðsins.

Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Ármann Kr. Ólafsson tóku undir bókun Haraldar.

G. L. ✓

A. L. L.
279

2. Brú, lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, samkomulag um uppgjör

Slökkviliðsstjóri kynnti samkomulag við Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samkomulag um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, ódags.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir samkomulagið og felur slökkviliðsstjóra að undirrita það.

3. Starfsáætlun stjórnar

Starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2018 var lögð fram til samþykkis.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS 2018, dags. 19. janúar 2018.

Afgreiðsla: Stjórnin samþykkir framlagða starfsáætlun fyrir árið 2018.

4. Bréf Mannvirkjastofnunar vegna brunavarnaáætlunar

Slökkviliðsstjóri kynnti stöðu mála vegna brunavarnaáætlunar SHS 2018-2022.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gildistími brunavarnaáætlunar liðinn, afrit bréfa til aðildarsveitarfélaga, dags. 4. janúar 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Bréf Mannvirkjastofnunar vegna úttektar á SHS

Slökkviliðsstjóri lagði fram bréf frá Mannvirkjastofnun vegna úttektar á SHS sem framkvæmd var í nóvember sl.

Eftirfarandi lagt fram:

- Úttektir slökkviliða 2017, dags. 2. janúar 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

6. Slökkvistöðin í Hafnarfirði, útboð á lóð

Slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir kostnaðaráætlun vegna frágangs á lóð við slökkvistöðina í Hafnarfirði.

Eftirfarandi lagt fram:


- Breyting á deiliskipulagi á lóð slökkvistöðvarinnar í Hafnarfirði, dags. 12. september 2017.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að óskað verði eftir því að Hafnarfjarðarbær sjái um útboðsferli vegna frágangs lóðar við slökkvistöðina í Hafnarfirði.

7. Stór verkefni síðustu vikur

Farið var yfir nokkur helstu stóru verkefni sem SHS hefur sinnt frá síðasta stjórnarfundi.

Afgreiðsla: Kynning.



Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top right, a signature below it, and initials 'M' and '280' at the bottom right.

8. Önnur mál

8.1 Fundur í almannavarnanefnd, febrúar – mars, skólafrí

Fyrirspurn um að færa fund í almannavarnanefnd frá 16. febrúar til 16. mars vegna skólafría sem eru í febrúar.

Afgreiðsla: Samþykkt að færa fundinn.

8.2 Málsmæðferð misferlismála hjá Reykjavíkurborg

Kynnt var umburðarbréf frá innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar vegna málsmeðferðar misferlismála Reykjavíkurborg.

Eftirfarandi lagt fram:

- Umburðarbréf - málsmeðferð misferlismála -, dags. 2. janúar 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

8.3 Staðsetning á nýrri slökkvistöð í stað Tunguháls

Rætt um stöðuna á staðarvali fyrir nýja slökkvistöð í stað þeirrar sem stendur við Tunguháls. Slökkviliðsstjóra falið að kanna áætlanir vegagerðarinnar varðandi Álftanesveg.


Afgreiðsla: Kynning, verður á dagskrá næsta fundar.

Næsti fundur verður haldinn 16. febrúar 2018.

Fundi slitið klukkan 09:45.

Fylgiskjöl:


- Umsögn: Hagræðingartillaga í fjármáladeild SHS, dags. 10. janúar 2018.
- Samkomulag um uppgjör á lífeyrisskuldbindingum, ódags.
- Starfsáætlun stjórnar SHS 2018, dags. 19. janúar 2018.
- Gildistími brunavarnaáætlunar liðinn, afrit bréfa til aðildarsveitarfélaga, dags. 4. janúar 2018.
- Úttektir slökkviliða 2017, dags. 2. janúar 2018.
- Breyting á deiliskipulagi á lóð slökkvistöðvarinnar í Hafnarfirði, dags. 12. september 2017.
- Umburðarbréf - málsmeðferð misferlismála -, dags. 2. janúar 2018.




Dagur B. Eggertsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Gunnar Einarsson

Ármann Kr. Ólafsson



Haraldur L. Haraldsson